

Samstarfsyfirlýsing um

Vinnu og virkni - Átak til atvinnu 2013 -

Milli velferðarráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins,
Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna
ríkis og bæja, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins,
Vinumálastofnunar, VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og Starfs
vinnumiðlunar og ráðgjafar.

Markmið verkefnisins er að virkja atvinnuleitendur, sem hafa fullnýtt eða munu að óbreyttu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins, til þátttöku að nýju á vinnumarkaði.

Atvinnuleitendum, sem hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá **1. september 2012 fram til 31. desember 2013, samtals 3.700 atvinnuleitendum**, verði öllum boðin vinna eða starfsendurhæfing á árinu 2013. Þannig sé tryggt að enginn falli af atvinnuleysisbótum án þess að fá slíkt tilboð.

Áætlað er að **60% taki tilboði um vinnu** og þurfa því samtals **2.200 sex mánaða störf** að vera í boði á árinu 2013.

Sveitarfélög munu þannig að lágmarki skapa 660 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (30%) á tímabilinu, ríki 220 vinnumarkaðsúrræði (10%) og almenni vinnumarkaðurinn 1.320 vinnumarkaðsúrræði (60%).

Í samræmi við samþykkt stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs frá 14. nóvember og ríkisstjórnar frá 15. nóvember sér sérstök verkefnisstjórn, tilnefnd af aðilum þessarar yfirlýsingar og skipuð af velferðarráðherra, um framkvæmd verkefnisins.

Reykjavík 12. desember 2012

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra

Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ

Guðlaug Kristjánsdóttir, BHM

Elín Björg Jónsdóttir, BSRB

Halldór Halldórsson, Sambandi ísl. sveitarf.

Vilmundur Jósefsson, SA

Þorsteinn Fr. Sigurðsson, Starfi

Unnur Sverrisdóttir, VMST

Vigdís Jónsdóttir, VIRK